

Eskja hf.
Strandgata 39
735 Eskifirði

Reykjavík, 24.4.2024
UST202402-104/F.T.
08.10.02

Efni: Samþykkt úrbótaáætlun vegna frávíka í eftirliti

Umhverfisstofnun vísar í bréf sitt frá 27. nóvember 2023 þar sem fram kom að frávík hefðu verið skráð í eftirliti í Fiskimjölsverksmiðju Eskju á Eskifirði þann 6. nóvember 2023. Fimm frávík voru opin þegar eftirlitið fór fram en einu þeirra var lokað í framangreindu bréfi. Fjögur frávík voru skráð í eftirlitinu en tveimur þeirra lokað í bréfinu. Uppfærð úrbótaáætlun barst stofnuninni þann 9. apríl 2024.

Eldri frávík eru eftirfarandi:

1. Heildarúttekt á losun mengandi efna í frárennsli verksmiðjunnar er ekki lokið. Samkvæmt úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 27. janúar 2023, voru ráðgerðar frárennslismælingar árið 2023 á þeim vertíðum sem enn á eftir að mæla á. Enn á eftir að mæla á makríl- og síldarvertíðum. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila er ráðgert á árinu 2024 að frárennslismælingar á makrílvertíð og síldarvertíð verði framkvæmdar og fita, cod, bod, svifagnir mældar. Framangreint verði gert á vertíðum í sumar og í haust 2024.**
2. Umhverfismarkmið hafa ekki verið endurskoðuð. Samkvæmt bréfi Umhverfisstofnunar dags. 27. janúar 2023, fór stofnunin fram á að umhverfismarkmið yrðu sett fyrir fiskimjölsverksmiðju Eskju og að þau bærust stofnuninni eigi síðar en 30. júní sl. **Umhverfismarkmið bárust stofnuninni þann 9. apríl sl. Frávikinu telst því lokið.**
3. Hreinsunarkar hefur ekki verið tengt við frárennsli verksmiðjunnar. Samkvæmt úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 27. janúar 2023 voru verklok áætluð þann 31. maí sl. Ekki er enn búið að tengja hreinsunarkarið. **Samkvæmt úrbótaáætlun rekstraraðila var**

hreinsunarkar tengt fyrir fyrsta febrúar. Rör fyrir inndælingu á sjó er komið í gagnid.

4. Mælingar á frárennsli voru ekki gerðar í samræmi við úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 16. mars 2022. Í úrbótaáætlun sem Umhverfisstofnun samþykkti þann 16. mars 2022 var tilgreint að mælingar á frárennsli yrðu gerðar á makrilvertið 2022. Mælingar á frárennsli voru ekki gerðar á makrilvertið 2022. **Samkvæmt úrbótaáætlun voru mælingar gerðar í desember við vinnslu á kolmunna. Útreikningar á mælingunum bárust stofnuninni þann 13. mars 2024. Frávikinu telst lokið.**

Frávikin sem skráð voru í eftirlitinu 6. nóv 2023 eru eftirfarandi:

1. Gr. 2.16 í starfsleyfi. Óhreinsuðum grút var veitt til sjávar þann 23. maí 2023. **Skv. rekstraraðila hefur verið farið yfir verkferla með starfsmönnum og keyptur hefur verið búnaður til að vakta fitu í frárennsli. Sett verður upp myndavél og rennismælir. Áætluð verklok voru í lok janúar 2024.**
2. Gr. 3.2 í starfsleyfi. Engar mælingar á frárennsli verksmiðjunnar voru gerðar árið 2022. **Samkvæmt úrbótaáætlun voru mælingar gerðar í desember við vinnslu á kolmunna. Frávikinu telst lokið.**

Umhverfisstofnun fellst á úrbótaáætlun rekstraraðila en úrbætur vegna frávikanna verða teknar út í næsta eftirliti Umhverfisstofnunar.

Verði frávikum ekki lokið eða ef áætlun um úrbætur gengur ekki eftir mun Umhverfisstofnun halda áfram með eftirfylgni þaðan sem frá var horfið.

Umhverfisstofnun bendir á að bréf þetta verður birt á heimasíðu stofnunarinnar.

Virðingarfyllst

Frigg Thorlacius
lögfræðingur

Freyr Ævarsson
sérfræðingur